



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ársskýrsla
2013/2014





Efnisyfirlit

1. Stjórnun.....	4
2. Starfsemi.....	6
3. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2013-2014.....	10
4. Tónleikar starfsárið 2012-2013.....	12
Áskriftartónleikar	
Litli tónsprotinn	
Ýmsir tónleikar	
Skólatónleikar	
5. Hljóðritanir og hljómdiskar.....	20
Hljóðritanir	
Hljómdiskar	
6. Tónverk flutt á tónleikum á starfsárinu eða hljóðrituð.....	22
Erlend tónverk	
Íslensk tónverk	
Tectonics tónlistarhátíðin	
Ungsveit SÍ á Tectonics	
Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands	
Ungsveit SÍ	
7. Starfsmannahald.....	26
Fastráðnir hljóðfæraleikarar starfsárið 2013-14	
Lausráðnir hljóðfæraleikarar starfsárið 2013-14	
Starfsfólk við stjórnun og þjónustu starfsárið 2013-14	
8. Fjöldi tónleikagesta.....	32

1. Stjórnun

Starfsárið 2013-2014 var 64. Starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands og þriðja heila starfsár hljómsveitarinnar í Hörpu. Alls hélt hljómsveitin 60 tónleika á starfsárinu, auk Tectonics hátíðarinnar og annarra viðburða. Um 73 þúsund gestir sóttu tónleika á vegum hljómsveitarinnar í Hörpu en auk þess fór hljómsveitin í skóla- og fyrirtækjaheimsóknir. Flutt voru yfir 200 minni og stærri íslensk og erlend verk á starfsárinu.

Samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) standa ríkissjóður og Reykjavíkurborg að rekstri hljómsveitarinnar. Ríkissjóður greiðir 82% af rekstrar-kostnaðinum en Borgarsjóður Reykjavíkurborgar 18%.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Stjórn hljómsveitarinnar var skipuð 2010 til fjögurra ára og í henni sitja;

- Guðni Tómasson, skipaður formaður af menntamálaráðuneytinu
- Sigursveinn Magnússon, tilnefndur af fjármálaráðuneytinu
- Anna María Urbancic, tilnefnd af menntamálaráðuneytinu
- Margrét Kristín Blöndal, tilnefnd af Reykjavíkurborg
- Hrafnkell Orri Egilsson, tilnefndur af Starfsmannafélagi SÍ

Á starfsárinu 2013-2014 hélt stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands alls 10 fundi.

Sigurður Nordal lét af störfum sem framkvæmdastjóri í september 2013. Stjórn SÍ réð Örnú Kristínu Einarsdóttur til að taka við af Sigurði. Arna Kristín var tónleikastjóri hljómsveitarinnar frá árinu

2007 og hafði auk þess verið fastráðin tímabundið sem 2. flautuleikari við hljómsveitina frá 2000-2004.

Verkefnavalsnefnd

Samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands er stjórn hljómsveitarinnar heimilt að skipa verkefnavalsnefnd og kveða á um hlutverk og skipulag þeirrar nefndar. Starfsárið 2013-2014 tók stjórn þá ákvörðun að stækka verkefnavalsnefndina úr 5 manns í 9 manns með það fyrir augum að efla nefndina. Í verkefnavalsnefnd sitja nú tónleikastjóri, fræðslustjóri og kynningar- og markaðsstjóri auk þriggja hljóðfæraleikara sem SMFSÍ skipar og einn er skipaður af stjórn. Auk þess eru aðalhljómsveitarstjóri og tónlistarstjóri/litrænn ráðgjafi sjálfskipaðir. Verkefnavalsnefnd er skipuð til tveggja ára og í henni sátu starfsárið 2013-2014 Bengt Årstad, listrænn ráðgjafi og formaður nefndarinnar, Anna Sigurbjörnsdóttir, tónleikastjóri, Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri, Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri, Magnús Lyngdal fulltrúi stjórnar, Sigrún Eðvaldsdóttir, konsertmeistari, Eiríkur Örn Pálsson og Steef van Oosterhout eru skipuð af SMFSÍ og Þórunn Ósk Marinósóttir varamaður.

Starfsárið 2013-2014

Starfsárið 2013-2014 var þriðja heila starfsár Sinfóníuhljómsveitarinnar í Hörpu og bar merki þess í afar metnaðarfullri dagskrá. Hljómsveitin kom víða við á starfsárinu og flutti afar fjölbreytta dagskrá sem innihélt marga af gimsteinum tónbókmenntanna á borð við Eroicu Beethovens, Myndir á Sýningu eftir Músorgskj og 8. sinfóníu Dvořák.

Eins og síðustu starfsár sóttu framúrskarandi

listamenn hljómsveitina heim, á borð við rússnesku hljómsveitarstjórana Dímítrij Kítajenko og Gennady Rosdestvenskij og bresku stjórnendurna Matthew Halls og Andrew Manze svo einhverjir séu nefndir. Fiðluleikarinn Midori heillaði alla sem á hlýddu en auk þess að leika fyrir tónleikagesti í Hörpu heim-sótti hún fjölda skólanemenda og lék fyrir vistmenn á sjúkrahöfnunum, án endurgjalds og eingöngu í þeim tilgangi að leyfa sem flestum að njóta tónlistarinnar. Það var sömuleiðis einstök upplifun fyrir tónleikagesti að hlýða á og upplifa leik kúbverska píanistans Jorge Luis Prats sem lék píanókonsert Tsjajkovskij nr.1 undir stjórn Marcus Poschner af slíkri listfengni að seint mun gleymast.

Af íslenskum einleikurum sem komu fram með hljómsveitinni starfsárið 2013-2014 má nefna Víking Heiðar Ólafsson, Elfu Rún Kristinsdóttur, Hallveigu Rúnarsdóttur og Hallfríði Ólafsdóttur.

Í lok starfsársins kvaddi Ilan Volkov sem aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi eftir þriggja starfsára samstarf. Ilan tók við hljómsveitinni haustið 2011 og fylgdi henni fyrstu árin í nýju tónlistarhúsi, Hörpu.

Það er óhætt að segja að Ilan hafi sett sitt mark á hljómsveitina og listræna stefnu hennar. Eitt af hans markmiðum þegar hann hóf störf með Sinfóníuhljómsveitinni var að setja á stofn nútímatónlistarhátíð. Hátíðin hlaut nafnið Tectonics og hlaut strax töluverða alþjóðlega athygli og ljóst að framhald verður á hátíðinni þó svo Ilan hafi lokið störfum sem aðalhljómsveitarstjóri.

Stefnumótun

Sinfóníuhljómsveit Íslands gaf út Stefnumótun árána 2014-2020 þann 9. mars 2014, en litið er á þann dag sem stofnunardag hljómsveitarinnar. Allir starfsmenn SÍ komu að mótun stefnunnar. Haldnir voru stórir stefnumótunarfundir með breiðri og virkri þátttöku

starfsmanna auk margra smærri úrvinnslufunda. Faglega vinnu verkefnisins leiddi stefnumótunarráðgjafi frá KPMG en stjórn SÍ vann með og samþykkti lokagerð stefnumótunarinnar. Stefnumótunin tekur til hlutverks hljómsveitarinnar, framtíðarsýnar og gilda. Hún fjallar um stefnu, markmið og leiðir og tekur á listrænum þáttum. Eins er sett fram áheyrendastefna, stefna í fræðslumálum, markaðsmálum og mannauðsmálum. Í lokin er rætt um rekstur og fjármál stofnunarinnar. Mikilvægt er að stefnumótunin sé endurskoðuð á tveggja ára fresti til að meta hvaða árangur hefur náðst og ekki síður til að meta hvað hefur breyst í starfsumhverfinu sem taka þarf tillit til. Stefnumótunin verður því endurskoðuð árið 2016.

2. Starfsemi

Áskriftarraðir

Áskriftarraðir voru uppsettar með sama móti og síðustu ár og boðið upp á fjórar raðir; gula, rauða og græna auk Litla tónsprotans sem hugsaður er fyrir alla fjölskylduna. Í rauðri og gulri röð er boðið upp á 7 tónleika en í grænni röð 5. Á þessum röðum hafa gestir sitt fasta sæti á alla tónleika raðarinnar. Fyrir utan litaraðirnar stendur áskrifendum til boða að setja saman sína eigin röð á Regnbogakort. Þar er hægt að velja tónleika eftir eigin höfði og tryggja sér góð sæti með afslætti. Hver og einn er þá nokkurs konar „listrænn stjórnandi“ að sinni röð.

Tónleikar		
Gul röð	8	þar af 1 endurtekinn
Rauð röð	8	þar af 1 endurtekinn
Græn röð	7	þar af 2 endurtekinn
Litli tónsprotinn	9	þar af 5 endurtekinn
Tónleikar utan áskrifta	11	þar af 2 endurtekinn
Barnastundir	2	
Hádegistónleikar	1	
Leik- og grunnskólatónleikar	14	
Framhaldsskólatónleikar	0	
Tónleikar alls	60	

Aðrir viðburðir

Tectonics Reykjavík	15
Ungsveit Sinfóníunnar /tónleikar	1
Opnar æfingar	2
Tónleikakynningar	15
Skólaheimsóknir /tónleikar	8
Stofnanaheimsóknir/ tónleikar	17

Tónleikar utan áskriftar

Hljómsveitin heldur tónleika sem ekki eru inn í áskriftarröðum. Á starfsárinu 2013-2014 má helst nefna tónleika með þungarokkhljómsveitinni Skálmöld sem slógu í gegn. Á þremur dögum lék hljómsveitin 5 tónleika, þar af tvenna skólatónleika. Alls fengu því um 7000 manns tækifæri til að hlýða á þennan viðburð sem síðar fékk Íslensku tónlist-

arverðlaunin fyrir viðburð ársins í flokki popp og rokktonlistar.

Af öðrum tónleikum utan raða má nefna Ástar-sögur af hvíta tjaldinu þar sem leikin var kvikmyndatónlist frá ýmsum tímum úr þekktum kvikmyndum við góðar undirtektir tónleikagesta.

Tectonics Reykjavík

Tectonics hátíðin var haldin í þriðja sinn í apríl 2014 með samtals 15 tónleikum og uppákomum á yfir þremur dögum þar sem frumflutt voru 15 íslensk verk með yfir 100 þátttakendum. Á hátíðinni voru flutt verk eftir m.a. Charles Ross, Valgeir Sigurðsson, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og Bergrúnu Snæbjörnsdóttur. Bandaríska tónskáldið Alvin Lucier var heiðursgestur hátíðarinnar en auk hans komu fram fjöldi annarra erlendra gesta.

Hátíðin er styrkt af Borgarhátíðarsjóði Reykjavíkurborgar til ársins 2016.

Framlag Sinfóníuhljómsveitar Íslands til hátíða

Sinfóníuhljómsveit Íslands tók virkan þátt í hátíðum sem haldnar voru í Reykjavík og hóf starfsárið á því að halda opið hús á **Meningarnótt í Reykjavík**. Haldnir voru tvennir tónleikar. Fyrri tónleikarnir voru helgaðir börnum þar sem flutt var færeyska ævintýrið Veiða vind, en sagan er eftir Rebekku Helmsdal og tónlistin eftir Kára Bæk. Á seinni tónleikunum var boðið upp á vinsæl klassísk verk. Frítt var á tónleikana og var spilað fyrir fullum sal á báðum tónleikunum.

Á **Iceland Airwaves** lögðu Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ólafur Arnalds saman krafta sína og fluttu tónlist Ólafs Arnalds For now I am Winter þar sem hann lék sjálfur lykilhlutverk. Á sömu tónleikum kom

Elfa Rún Kristinsdóttir fram sem einleikari í Árstíðunum fjórum eftir Max Richter en tónleikunum stjórnaði André de Ridder. Tónleikarnir, sem voru afar vel sóttir, vöktu mikla athygli hátíðargesta og voru síðar tilnefndir til Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Daníel Bjarnason stjórnaði hljómsveitinni á eftirminnilegum tónleikum á **Myrkum músíkdögum** þar sem hljómsveitin lék verk eftir hann sjálfan, The Isle is full of noises, sem samið var að beiðni Fílharmoníu-hljómsveitar Los Angeles. Auk þess var frumflutt nýtt verk eftir Puríði Jónsdóttur á tónleikunum.

Einn af hápunktum starfsársins voru tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á **Listahátíð í Reykjavík** ásamt bandarísku sópransöngkonunni Jamie Barton, Vox Feminae og Stúlknakór Reykjavíkur. Þar stjórnaði Osmo Vänskä 3. sinfóníu Mahlers, einu helsta verki tónbókmenntanna. Í kjölfar tónleikanna samþykkti Osmo Vänskä að taka við stöðu aðalgestahljómsveitarstjóra hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands frá og með starfsárinu 2014-2015 til þriggja ára. Samstarf hljómsveitarinnar við Osmo Vänskä er afar mikilvægt enda Osmo á hátindi síns ferils og stjórnar reglulega helstu hljómsveitum heims.

Tónleikaferðir

Starfsárið 2013-2014 var fyrirhuguð tónleikaferð innanlands sem fresta varð þar sem ekki náðist fjárhagslegur grunnur fyrir ferðinni. Síðan 2008 hefur hljómsveitin einungis farið í eina utanlandsferð sem hluti af menningarhátíðinni Nordic Cool, sem Kennedy Center í Washington stóð fyrir í mars 2013 og mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkti. Frá því að Hof opnaði á Akureyri í ágúst 2010 hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands stefnt að því að vera þar með tónleika á hverju starfsári. Starfsárið 2013-2014 gekk það því miður ekki eftir.

Fræðslustarf

Skólatónleikar og fræðsluverkefni

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur úti öflugum fræðslustarfi fyrir börn og fullorðna. Auk fjölskyldutónleika í tónleikaröðinni Litla tónsprotanum býður hljómsveitin nemendum frá leikskólum upp í framhaldsskóla til skólatónleika. Einnig er tekið á móti nemendum á grunn-, framhalds- og háskólastigi í starfskynningu og skólahópum sem óska eftir fræðslu um starfsemi hljómsveitarinnar. Hátt í 500 nemendur nýttu sér þessa fræðslu hljómsveitarinnar.

Alls hélt hljómsveitin 14 leik- og grunnskólatónleika á starfsárinu en tónleikar fyrir menntaskólanema féllu niður vegna verkfalls framhaldsskólakennara. Tvennir skólatónleikar voru haldnir á Selfossi fyrir ungmenni á Suðurlandi og tók hljómsveitin þátt í opunarhátíð Barnamenningarhátíðar. Í fræðsluviku hljómsveitarinnar í október voru 8 grunnskólar sóttir heim og fjölbreytt dagskrá leikin fyrir grunnskólanemendur í 1.-10. bekk. Áætlaður fjöldi grunnskólabarna sem hlýddi á flutning hljómsveitarinnar er um 2200. Í marsmánuði heimsótti fiðluleikarinn Midori, ásamt fræðslustjóra SÍ, Menntaskólann í Hamrahlíð og Barnaskóla Hjallastefnunnar og lék og kynnti tónlist eftir J.S. Bach.

Barnastund

Barnastundir hljómsveitarinnar sem hófu göngu sína á vordögum 2012 hafa frá upphafi verið mjög vinsælar. Á starfsárinu voru haldnar tvær Barnastundir í Hörpuhorni, í september og febrúar, með aðgengilegri 30 mínútna dagskrá, fyrir þau allra yngstu. Barnastundirnar eru í opnu rými í Hörpu í nágvi við hljómsveitina. Á milli 300-600 manns sækja hverja Barnastund.

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Haustið 2013 hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands viðamikilið hljómsveitarnámskeið fyrir lengra komna tónlistarnema. Að þessu sinni samanstóð dagskrá námskeiðsins af þremur verkum: Karnival í Róm eftir Berlioz, sellókonsert Edwards Elgar með Sæunni Þorsteinsdóttur og Hafinu eftir Debussy. Stjórnandi Ungsveitarinnar var Petri Sakari. Í Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands leika nemendur við hlið hljóðfærleikara í Sinfóníuhljómsveit Íslands og kynna samstarfi við hljómsveitarstjóra á heimsmælikvarða.

Ungir einleikarar

Í samstarfi við Listaháskóla Íslands heldur Sinfóníuhljómsveitin keppni fyrir unga einleikara og einsöngvara ár hvert. Sigurvegarar þeirrar keppni koma fram með hljómsveitinni á sérstökum tónleikum. Í janúar 2014 unnu fjórir einleikarar sér rétt til að koma fram og leika einleikskonserta með hljómsveitinni.

Tónleikakynningar

Á starfsárinu var boðið upp á 16 tónleikakynningar í Hörpuhorni á undan völdum áskriftartónleikum í gulri, rauðri og grænni áskriftarröð. Tónleikakynningarnar eru unnar í samvinnu við Vínafélag Sinfóníuhljómsveitarinnar og sáu Sigurður Ingvi Snorrason, fyrrum klarínnettuleikari SÍ, Helgi Jónsson, tónlistarfræðingur og Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri SÍ um kynningarnar.

Einnig stóð Vínafélagið fyrir sérstakri tónleikakynningu í janúar í Norðurljósum þar sem Víkingur Heiðar Ólafsson kynnti Brahms konsertinn sem hann flutti á tvennum tónleikum síðar í mánuðinum.

Aðrir viðburðir

Á starfsárinu 2013-14 voru 15 dvalarheimili og félagsmiðstöðvar eldri borgara sóttar heim ásamt einni heimsókn á BUGL. Leiknar voru íslenskar söngperlur

og dægurflugur fyrir um 1600 manns. Í mars fór fiðluleikarinn Midori ásamt fræðslustjóra SÍ og heim sótti Vin, heimili Rauða krossins fyrir geðfatlaða og Bataskólann á Kleppsspítala ásamt því að heimsækja Korpúlfa, félag eldri borgara í Grafarvogi. Í byrjun apríl var Barnaspítali Hringins heimsóttur ásamt Landsspítala þar sem leikið var fyrir starfsfólk og gesti og gangandi í anddyri spítalans.

Samstarf hófst á milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Skólalúðrasveitar Árbæjar og Breiðholts (SÁB). Sinfóníuhljómsveitin sótti Breiðholtsskóla heim í maí 2014 og lék með nemendum SÁB að viðstöddum nemendum skólans.

Mannauðsmál

Á starfsárinu 2013-2014 störfuðu yfir 100 fastráðnir starfsmenn (97.5 stöðugildi) hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og fékk hljómsveitin um 60 lausráðna hljóðfærleikara til liðs við sig á starfsárinu.

Lögð var sérstök áhersla á góð og uppbyggileg samskipti milli starfsmanna á starfsárinu, enda er það á ábyrgð allra innan SÍ að halda góðum samskiptum og starfsanda á vinnustaðnum. Reglulega voru haldnir starfsmannafundir með öllu starfsfólkinu, deildarfundir með hverri deild fyrir sig, leiðararfundir og samráðsfundir með stjórn SMFSÍ þar sem tekið var á ýmsum umbótamálum. Framkvæmdastjóri bauð öllum starfsmönnum í viðtal sem fram fóru á tímabilinu nóvember 2013 fram í apríl 2014. Þar gafst starfsmönnum tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri. Líklegt má telja að þessi áhersla á samskipti hafi verið lykillinn að þeim árangri sem náðist í starfsánægjukönnun á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytis í samvinnu SFR og VR á **Stofnun ársins 2014**, en þessi könnun hefur verið haldin undanfarin 4 ár og var útkoma síðasta árs sú besta hjá SÍ til þessa. Vinnan við að gera SÍ að enn betri vinnustað heldur áfram meðal starfsmanna SÍ.

Formlegt starfsmannasamtal milli leiðara og hljóðfærleikara hélt áfram veturinn 2013-14 með það að markmiði að styrkja og efla starfsmenn. Helstu áherslupunktur eru sem fyrr líðan starfsmanns, upplýsingaflæði, starfið og starfsánægja, framtíðaráform og endurgjöf.

Boðið var upp á heilsuæfingar á sviði og líkamsæfingar úr smiðjum Dispokinesis og Feldenkrais fyrir starfsmenn en það er í samræmi við mannauðsstefnu SÍ sem styður eflingu heilsu og vellíðan starfsmanna.

Upplýsinga- og tölvukerfi

OPAS, sérsniðið upplýsingakerfi fyrir sinfóníuhljómsveitir var tekið formlega í notkun og nýr innri vefur SÍ leit dagsins ljós í janúar 2014 þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um innra starf SÍ.

Markaðs- og kynningarstarf

Heildarfjöldi tónleikagesta 2013/14 var rétt tæplega 70.000 manns og eru þá taldir allir gestir hljómsveitarinnar á almennum tónleikum og skólatónleikum. Eftir mikla aukningu undanfarinn ára dróst gestafjöldi lítillega saman á starfsárinu enda voru haldnir færri tónleikar utan raða en á starfsárinu á undan.


Gerð var viðhorfskönnun hjá Gallup og mældist ímynd Sinfóníuhljómsveitar Íslands mjög góð og einnig mældist mikil ánægja með tónleika Sinfóníunnar en tæplega 98% aðspurðra voru ánægðir með tónleika sveitarinnar í Hörpu.

Ákveðið var að leggja meiri áherslu á rafræna markaðssetningu og samfélagsmiðla ásamt því að gera hljómsveitina sýnilegri fyrir utan tónleikasalinn, þ.e. á netinu, í útvarpi, sjónvarpi og víðar.


Einnig er stefnt að því að fjölga skoðanakönnunum meðal áskrifenda og gesta Sinfóníunnar ásamt því að auka beina sölu til stærri og minni hópa.

Í lok starfsársins var ráðinn verkefnastjóri á markaðsdeild sem heyrir undir markaðs- og kynningarstjóra.

Þróun fjölda tónleikagesta



Fjöldi seldra áskriftarkorta



Þróun í miðasölu

	'07/'08	'08/'09	'09/'10	'10/'11	'11/'12	'12/'13	'13/'14
Heildarsala	28.607	28.472	36.743	50.130	56.950	56.873	51.757
- Utan áskriftar	17.760	17.940	23.423	34.876	33.211	35.185	31.085
- Innan áskriftar	10.847	10.122	13.320	15.254	23.739	21.688	20.672
Hlutfall áskrifta	37,90%	35,60%	36,30%	30,40%	41,70%	38,00%	40%

3. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2013-2014

Hljómsveitarstjórar

Andrew Manze
André de Ridder
Baldur Brönnimann
Bernharður Wilkinson
Cristian Mandeal
Dmítríj Kítajenko
Eivind Aadland
Frank Strobel
Gennady Rosdestvenskíj
George Benjamin
Ilan Volkov
Jun Märkl
Lan Shui
Leo Hussein
Markus Poschner
Matthew Halls
Michal Dworzynski
Osmo Vänskä
Peter Guth
Petri Sakari
Vladimir Ashkenazy
Daníel Bjarnason
Rúnar Óskarsson
Veigar Margeirsson

Íslenskir einleikarar og einsöngvarar

Anna Guðný Guðmundsdóttir,
píanó
Arnór Dan Arnarson, söngur
Baldvin Ingvar Tryggvason, klarínnett
Björg Brjánsdóttir, flauta
Bergur Þórisson, hljóðgervlar

Elfa Rún Kristinsdóttir, fiðla
Elísa Guðmarsdóttir, trompet
Eyþór Ingi Gunnlaugsson, söngur
Gissur Páll Gissurarson, söngur
Hallfríður Ólafsdóttir, flauta
Hallveig Rúnarsdóttir, söngur
Hanna Dóra Sturludóttir, söngur
Jóhanna Vigdís Arnardóttir, söngur
Kolbrún Völkudóttir, einsöngur
á táknmáli
Ólafur Arnalds, einleikari
Ólafur Kjartan Sigurðarson, söngur
Rannveig Marta Sarc, fiðla
Sif Margrét Tulinius, fiðla
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla
Sigrún Hjálmtýsdóttir, söngur
Sóley Björk Einarisdóttir, trompet
Svanhildur Tekla Bryngeirsdóttir,
trompet
Sigríður Thorlacius, söngur
Sæunn Þorsteinsdóttir, selló
Sölvi Kolbeinsson, saxófónn
Víkingur Heiðar Ólafsson, píanó
Örn Árnason, söngur
Skálmöld: Baldur Ragnarsson,
gítar og söngur
Björgvin Sigurðsson,
gítar og söngur
Gunnar Ben, hljómborð og söngur
Snæbjörn Ragnarsson,
bassi og söngur
Þráinn Árni Baldvinsson,
gítar og söngur

Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Allison Bell, söngur
Anthony Marwood, fiðla
Colin Currie, slagverk
Ilya Gringolts, fiðla
Jamie Barton, söngur
Jonathan Gandelsmann, fiðla
Jonathan Biss, píanó
Jorge Luis Prats, píanó
Lars Anders Tomter, víóla
Li Chuanyun, fiðla
Midori, fiðla
Tamara Stefanovich, píanó
Viktoria Postnikova, píanó

Kórar, sögumenn o.fl.

Barna- og unglíngakór
Selfoskirkju
Edit Molnár, kórstjóri
Bjöllukór Tónlistarskóla
Reykjanesbæjar
Karen Janine Sturlaugsson,
kórstjóri
Drengjakór Reykjavíkur
Friðrik S. Kristinsson, kórstjóri
Graduale Futuri
Rósa Jóhannesdóttir, kórstjóri
Gradualekór Langholtskirkju
Jón Stefánsson, kórstjóri
Hamrahlíðarkórarnir
Þorgerður Ingólfsdóttir, kórstjóri
Hymnodia
Eyþór Ingi Jónsson, kórstjóri

Karлакór Reykjavíkur
Friðrik S. Kristinsson, kórstjóri
Kór Öldutúnsskóla
Brynhildur Auðbjargardóttir,
kórstjóri
Kórskóli Langholtskirkju
Þóra Björnsdóttir, kórstjóri
Krúttakór Langholtskirkju
Björg Þórsdóttir og Thelma Hrönn
Sigurdórsdóttir, kórstjórar
Skólakór Kársness
Þórunn Björnsdóttir, kórstjóri
Stúlnakór Reykjavíkur
Margrét Pálmadóttir, kórstjóri
Vox feminae
Margrét Pálmadóttir, kórstjóri
Vox Signum, táknmálakór
Agnes Steina Óskarsdóttir,
táknmálstúlkur
Gerður Sjöfn Ólafsdóttir,
táknmálstúlkur
Guðjón Davíð Karlsson, kynnir
Halldóra Geirharðsdóttir,
Barbara / kynnir
Lilja Hákonardóttir,
Maxímús Músíkús
Nemendur úr
Listdansskóla Íslands
Lucia Martin, danshöfundur
Valur Freyr Einarsson, sögumaður

Listamenn á Tectonics Reykjavík hátíðinni

Alvin Lucier
Ana-Maria Avram
Angela Rawlings
Asparagus Piss Raindrop
Bergrún Snæbjörnsdóttir

Bjarni Gunnarsson
Bjørn Fongaard
Björnar Habbestad
Cathy Milliken
Davíð Brynjar Franzson
Fengjastrútur
Ghostigital
Grouper
Gyða Valtýsdóttir
Hallveig Ágústsdóttir
Hauke Harder
Hestbak
Hild Sofie Tafjord
Iancu Dumitrescu
Ilan Volkov
Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar
Íslands
Lemur
Lene Grenager
Maja Jantar
María Huld Markan Sigfúsdóttir
Michael Duch
Ólöf Arnalds
Páll Ivan frá Eiðum
Robert Ashley
Rúnar Magnússon
Salvatore Sciarrino
Skúli Sverrisson
Stephen Montague
Tinna Þorsteinsdóttir
Valgeir Sigurðsson
With Lumps

4. Tónleikar starfsárið 2013-2014

Áskriftartónleikar

Gul tónleikaröð

12. september 2013 » Kveðja frá Ítalíu

- Claude Debussy: Suite Bergamasque
- Felix Mendelssohn: Sinfónía nr. 4, Ítalska sinfónían
- Hector Berlioz: Haraldur á Ítalíu

Jun Märkl hljómsveitarstjóri

Lars Anders Tomter einleikari

10. október 2013 » Rosdestvenskij snýr aftur

- Nikolaj Rimskij-Korsakov: Rússneskir páskar
- Nikolaj Rimskij-Korsakov: Píanókonsert
- Dmitrj Sjostakovitsj Sinfónía nr. 10

Gennady Rosdestvenskij hljómsveitarstjóri

Viktoria Postnikova einleikari

21. nóvember 2013 » Austrænrir tónar

- Áskell Másson: Frón
- Aram Khatsjaturjan: Fiðlukonsert
- Zhou Long: The Rhyme of Taigu
- Florent Schmitt: Harmsaga Salóme – svíta

Lan Shui hljómsveitarstjóri

Li Chuan Yun einleikari

23. janúar 2014 » Víkingur leikur Brahms

(endurteknir 24. janúar)

- Johannes Brahms: Píanókonsert nr. 1
 - Georges Enescu: Rúmensk Rapsódía nr. 1
 - Franz Peter Schubert: Sinfónía nr. 6
- Cristian Mandeal hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

20. febrúar 2014 » Doctor Atomic

- Áskell Másson: Slagverkskonsert

- Samuel Barber: First Essay
 - John Adams: Doctor Atomic Symphony
- Baldur Brönnimann hljómsveitarstjóri
Colin Currie einleikari

27. mars 2014 » Fimmta Beethovens

- Daníel Bjarnason: Blow bright
 - Ígor Stravinskij: Eldfuglinn-svíta
 - Maurice Ravel: Shéhérazade
 - Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 5
- Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Allison Bell einsöngvari

13. júní 2014 » Landsýn

- Haukur Tómasson: Storka (Magma)
 - Jón Leifs: Landsýn
 - Jón Leifs: Hughreysting
 - Jean Sibelius: Sinfónía nr. 5
- Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Rauð tónleikaröð

5. september 2013 » Upphafstónleikar

- Nikolaj Rimskij-Korsakov: Scheherazade
 - Modest Músorgskij: Myndir á sýningu
- Dmítrij Kítajenko hljómsveitarstjóri

3. október 2013 » Dvořák og Strauss

- Richard Strauss: Don Juan
 - Witold Lutoslawski: Partita
 - Jónas Tómasson: Leikleikur
 - Antonin Dvořák: Sinfónía nr. 8
- Michal Dworzynski hljómsveitarstjóri
Sif Margrét Tulinius einleikari

14. nóvember 2013 » Bartók og Schumann

- Jonathan Harvey: Body Mandala
- Robert Schumann: Píanókonsert í a-moll
- Béla Bartók: Konsert fyrir hljómsveit

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Jonathan Biss einleikari

6. febrúar 2014 » Gringolts og Volkov

- Richard Wagner: Lohengrin, forleikur að 1. þætti
 - Arnold Schönberg: Fiðlukonsert
 - Robert Schumann: Sinfónía nr. 4, upprunaleg gerð
- Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Ilya Gringolts einleikari

6. mars 2014 » Midori leikur Mendelssohn

(endurteknir 7. Mars 2014)

- Oliver Kentish: Glaðsheimr
 - Felix Mendelssohn: Fiðlukonsert í e-moll
 - Pjotr Tsjajkovskij: Sinfónía nr. 4
- Eivind Aadland hljómsveitarstjóri
Midori einleikari

8. maí 2014 » Ashkenazy og Ólafur Kjartan

- Sergej Rakhmanínov: Dauðraeyjan
 - Modest Músorgskij: Söngvar og dansar dauðans
 - Johannes Brahms: Sinfónía nr. 1
- Vladimir Ashkenazy hljómsveitarstjóri
Ólafur Kjartan Sigurðarson einsöngvari

5. júní 2014 » Dúett og Debussy

- Claude Debussy: Children's Corner – úts. Hans Abrahamsen
 - György Ligeti: Píanókonsert
 - George Benjamin: Duet
 - Claude Debussy: La mer
- George Benjamin hljómsveitarstjóri
Tamara Stefanovich

Græn tónleikaröð

19. september 2013 » Bach og Beethoven

- Jean-Philippe Rameau: Dardanus ballettsvíta
 - Johann Sebastian Bach: Fiðlukonsert í a-moll
 - Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 3, Eroica
- Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Jonathan Gandelsman einleikari

24. október 2013 » Fiðlukonsert og hirðdansar

- Henry Purcell /Andrew Manze: Purcell-svíta
 - Benjamin Britten: Konsert fyrir fiðlu
 - Benjamin Britten: Hirðdansar úr Gloriana, sinfónískri svítu
 - Joseph Haydn: Sinfónía nr. 102
- Andrew Manze hljómsveitarstjóri
Anthony Marwood einleikari

9. janúar 2014 » Vínartónleikar 2014

(endurteknir 10. og 11. janúar 2014)

- Johann Strauss yngri: Nótt í Feneyjum, forleikur
- Johann Strauss yngri: Stürmisch in Lieb' und Tanz, polka schnell úr Das Spitzentuch der Königin
- Johann Strauss yngri: Rosen aus dem Süden, vals úr Das Spitzentuch der Königin
- Jacques Offenbach: Ach wie liebe ich die Soldaten, úr La Grande-Duchesse de Gérolstein
- Franz Lehár: Freunde, das Leben ist lebenswert, úr Giuditta
- Franz Lehár: Zwanzinette, úr óperettunni Eva
- Franz Lehár: Weiber-Marsch, úr Kátu ekkjunn
- Franz Lehár: Varir þegja, úr Kátu ekkjunn
- Robert Stolz: Gruß aus Wien, mars
- Robert Stolz: Spiel auf deiner Geige, úr Venus in Seide
- Robert Stolz: Ob blond, ob braun ich liebe alle Frau'n, úr kvikmyndinni Ich liebe alle Frau'n
- Johann Strauss: Neue Pizzicato-Polka, úr Fürstin Ninetta

- Johann Strauss: Sögur úr Vínarskógi, vals
- Johann Strauss: Tik-Tak-Polka, úr Leðurblökunni
- Imre Kálmán: Heut´ Nacht hab´ ich geträumt von dir, úr Fjólan frá Montmartre
- Imre Kálmán: Höre ich Zigeunergerichte, úr Mariza greifafrú
- Imre Kálmán: Jaj Mamám, úr Sardasfurstynjunni Peter Guth hljómsveitarstjóri
Hanna Dóra Sturludóttir og Gissur Páll Gissurarson einsöngvarar

20. mars 2014 » Kvöldstund með Mozart

- Wolfgang Amadeus Mozart: Balletttónlist úr Idomeneo
- Wolfgang Amadeus Mozart: Flautukonsert nr. 1
- Wolfgang Amadeus Mozart: Maurerische Trauermusik
- Wolfgang Amadeus Mozart: Sinfónía nr. 36, Linz Leo Hussain hljómsveitarstjóri
Hallfríður Ólafsdóttir einleikari

15. maí 2014 » Prats leikur Tsjajkovskij

- Pjotr Tsjajkovskij: Píanókonsert nr. 1
- Sergei Prokofjev: Sinfónía nr. 5
Markus Poschner hljómsveitarstjóri
Jorge Luis Prats einleikari

Litli tónsprotinn

28.09.13 » Skilaboðaskjóðan

(endurteknir 28.09.13 kl. 16:00)

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Sigríður Thorlacius og Örn Árnason einsöngvarar
Gradualekór Langholtskirkju, Jón Stefánsson kór-
stjóri

Jóhann G. Jóhannsson

Tónlist úr Skilaboðaskjóðunni

14.12.13 » Jólatónleikar

(endurteknir 14.12.13 kl. 16:00 og 15.12.13 kl. 14:00 & 16:00)

- Sigurður Ingvi Snorrason: Jólaforleikur
- John Rutter: Jesus Child
- Linda McKechnie: Hringjum jólabjöllum
- Leroy Anderson: Bugler's Holiday
- G. Wyle & E. Pola: Hátíðirnar
- Pjotr Tsjajkovskij: Dans snjókornanna og Coda, lok 2. þáttar
- Friðrik Bjarnason: Jólasveinar ganga um gólf
- Sigvaldi Kaldalóns: Nóttin var sú ágæt ein
- Franz Gruber: Heims um ból

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Gói kynnir

Sigrún Hjálmtýsdóttir og Kolbrún Völkudóttir
einsöngvarar

Elísa Guðmarsdóttir, Sóley Björk Einarsdóttir og
Svanhildur Tekla Bryngeirsdóttir einleikarar
Nemendur úr Listdansskóla Íslands, Lucia Martin
danshöfundur og æfingastjórn

Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanessbæjar,

Karen Sturlaugsson stjórnandi

Krúttakór Langholtskirkju, Björg Þórsdóttir

og Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir stjórnendur

Kórskóli Langholtskirkju, Þóra Björnsdóttir stjórnandi

Graduale Futuri, Rósa Jóhannesdóttir stjórnandi

Gradualekór Langholtskirkju, Jón Stefánsson

stjórnandi

Vox Signum

Agnes Steina Óskarsdóttir og

Gerður Sjöfn Ólafsdóttir táknmálstúlkar

Lilja Hákonardóttir Maxímús Músíkús

15.02.14 » Jabba-dabba-dú!

- Alfred Newman: The 20th Century Fox Fanfare
- Hoyt Curtin: úr Steinaldarmönnum
- R. & R. Sherman: Syrpa úr Mary Poppins

- Lalo Schifrin: úr Mission Impossible
- Badelt & Zimmer: Sjóræningjum Karíbahafsins
- Henry Mancini: Bleiki pardusinn
- Nacio Herb Brown: Í rigningu ég syng
- John Williams: Main Title úr Stjörnustríði
- Ray Parker: Draugabannar

Hljómsveitarstjóri Bernharður Wilkinson

Kynnir Gói

26.04.14 » Maxímús kætist í kór

(endurteknir kl. 16:00)

- Michael Praetorius: Viva la musica
- Georges Bizet: Forleikur að Carmen
- Georges Bizet: Söngur götubarnanna úr Carmen
- Örlygur Benediktsson: Vaskur og félagar
- Örlygur Benediktsson: Hestavísur
- Fimm erlend þjóðlög (úts. Þóra Marteinsdóttir)
- Uno, dos y tres - Þjóðlag frá Mexíkó
- Oh Shenandoah - Þjóðlag frá Bandaríkjunum
- Hava nagila - Þjóðlag frá Ísrael
- Sakura - Þjóðlag frá Japan
- Simama ka - Þjóðlag frá Tansaníu
- Hej Igazitsad! Ungverskt þjóðlag, úts. Lajos Bárdos
- Þrjú íslensk þjóðlög (úts. Tryggvi M. Baldvinsson)
- Krummi svaf í klettagjá
- Heylóarvísa
- Litlu börnin leika sér
- W. A. Mozart: Bona nox
- Engelbert Humperdinck: Kvöldbæn úr Hans og Grétu
- Gabriel Fauré: Cantique de Jean Racine
- Stefan Nilsson: Þetta líf (úts. Hildigunnur Rúnarsdóttir)

Bernharður Wilkinson stjórnandi

Valur Freyr Einarsson sögumaður

Una Ragnarsdóttir, Benedikt Gylfason og Steinunn

Þorvaldsdóttir einsöngvarar

Barna- og unglingakór Íslands

Barnakór Selfosskirkju og Unglingakór

Selfosskirkju, Edit Molnár stjórnandi

Drengjakór Reykjavíkur, Friðrik S. Kristinsson

stjórnandi

Gradualekór Langholtskirkju, Jón Stefánsson

stjórnandi

Graduale Futuri Langholtskirkju, Rósa Jóhannesdóttir

stjórnandi

Kórskóli Langholtskirkju, Þóra Björnsdóttir stjórnandi

Kór Öldutúnsskóla, Brynhildur Auðbjargardóttir

stjórnandi

Skólakór Kársness, Þórunn Björnsdóttir stjórnandi

Stúlkakór Reykjavíkur, Margrét Pálmadóttir

stjórnandi, Guðrún Árný Guðmundsdóttir

aðstoðarstjórnandi

Ýmsir tónleikar

24.08.13 » Opið hús á Menningarnótt

Kl. 15:00 Álfar og riddarar

- Jón Leifs Íslensk rímnadanslög

- Kári Bæk Veiða vind

- Atli K. Petursen Ólavur Riddararós

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Gói sögumaður

24.08.13 » Opið hús á Menningarnótt

Kl. 17:00 Uppáhalds klassík

- Gioacchino Rossini: Forleikur að Vilhjálm Tell

- Johannes Brahms: Ungverskur dans nr. 5

- Richard Wagner Lohengrin: forleikur að 3. þætti

- Dmitríj Sjostakovitsj: Andante úr píanókonsert nr. 2

- Pietro Mascagni: Intermezzo úr Cavalleria

Rusticana

- Johann Strauss: Pizzicato-polki

- Aram Khachaturian: Vals og Galopp úr Masquerade-svítunni

Bernharður Wilkinson

Hjördís Ástráðsdóttir kynnir
Anna Guðný Guðmundsdóttir einleikari

6. október 2013 » Ungsveit SÍ 2013

- Hector Berlioz: Karnival í Róm, op. 9 (1843)
